Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-12-17 09:59:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-12-17 14:19:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-01-18 13:06:26 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Mánudaginn 24. nóvember 2025 klukkan 10:30 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig starfsmenn innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 24. Nóvember
- Drög að 430. fundargerð EFS 27.8.2025
- Drög að 431. fundargerð EFS 11.9.2025
- Drög að 433. fundargerð EFS 8.10.2025

1. Samþykkt fundargerða

Samþykkt fundargerða 430 frá 27.8.2025, 431 frá 11.9.2025 og 433 frá 8.10.2025 var frestað til næsta fundar.

2. Fundur með fulltrúm Vopnafjarðarhrepps

Á síðasta fundi EFS var tekin ákvörðun um að senda bréf til sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps vegna yfirferðar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2024. Sveitarstjórn tók bréfið til umfjöllunar á aukafundi og óskaði í kjölfarið eftir því að Valdimar O. Hermannson, sveitarstjóri og Ingimar Guðmundsson, verkefnastjóri hjá KPMG kæmu á fund nefndarinnar til að fara yfir stöðu mála og ræða næstu skref.

Á fundinum kom fram að rekstur A-hluta hafi undanfarin ár verið erfiður, m.a. vegna verulegs taps á rekstri hjúkrunarheimilis sem nú hefur alfarið verið færður til íslenska ríkisins. Þá hafi rekstrarafkoma áranna 2024 og 2025 orðið fyrir miklum áhrifum af loðnubresti.

Jafnframt kom fram að sveitarstjórn hafi á fundi sínum samþykkt bókun um að fá óháðan aðila til að fara yfir fjármál sveitarfélagsins. Nefndin tekur vel í þau áform og hvetur sveitarfélagið til að ráða utanaðkomandi ráðgjafa með það að markmiði að ná fram nauðsynlegum breytingum og styrkja grunnreksturinn.

3. Endurskoðun reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga

Klukkan 11:30 fór fram sameiginlegur fundur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, reikningsskila- og upplýsinganefndar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og KPMG vegna vinnu sem staðið hefur yfir við endurskoðun á reglugerð nr. 1212/2015. Talið hefur verið tímabært að endurmeta regluverkið og greina möguleika á úrbótum. Samband íslenskra sveitarfélaga

hefur, í samstarfi við KPMG, leitt þá vinnu með það að markmiði að auka samanburðarhæfni og samræmingu á framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlana.

Á fundinum fór Magnús Kristjánsson, frá KPMG, yfir stöðu mála og kynnti helstu álitaefni og túlkunaratriði sem komið hafa upp við endurskoðun reglugerðarinnar. Í kjölfarið spunnust gagnlegar umræður. Sérstaklega var rætt um hugtakið samantekin reikningsskil og hvort rétt sé að notast við það í stað samstæðureikningsskila. Er það mat nefndarinnar að varhugavert sé að tala um samantekin reikningsskil þar sem ekki gætir nægjanlegs skýrleika í kringum það hugtak. Að auki átti sér einnig stað umræða um lífeyrisskuldbindingar, fjárhagsleg samskipti A- og B-hluta og mikilvægi þess að endurskoða flokkun samrekstrareininga í A- og B- hluta en ekki er samræmi í þeirri flokkun milli sveitarfélaga í dag.

Fundi slitið klukkan 13.40. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.